



D-vítamín í sermi og blóðsykurstjórnun hjá Parkinsonssjúklingum á Íslandi

Erna Sif Óskarsdóttir meistaranemi í næringarfræði eso7@hi.is, Alfons Ramel RÍN,
Ólöf Guðný Geirsdóttir RÍN

Inngangur: Á undanförunum árum hafa spurningar vaknað um það hvort samband sé á milli D-vítamín magns í sermi og insúlín næmis og/eða blóðsykurstjórnunar. Niðurstöður fyrri rannsókna þess efnis hafa þó verið misvísandi og hafa rannsóknirnar ekki beinst að Parkinsonssjúklingum. Erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að D-vítamínskortur sé algengari meðal Parkinsonssjúklinga en heilbrigðra einstaklinga en slíkar upplýsingar liggja ekki fyrir hér á landi. Eins er Íslendingum sérstaklega hætt við D-vítamínskorti vegna hnattfræðilegrar staðsetningar landsins og því vantar rannsóknir á D-vítamínstöðu Parkinsonssjúklinga hér á landi og tengslum hennar við blóðsykurstjórnun

Markmið: Að kanna hvort fylgni sé á milli D-vítamíns í sermi og blóðsykurs hjá Parkinsonssjúklingum á Íslandi. Undirmarkmið eru að kanna algengi D-vítamínskorts hjá sama sjúklingahópi og að kanna hvort kvenkyns Parkinsonssjúklingar séu með lakari D-vítamínstöðu en karlkyns Parkinsonssjúklingar.

Aðferðir: Þátttakendur (N=106) voru göngudeildarsjúklingar á taugalækningadeild Landspítalans. Gögnum var safnað í gegnum rafræna skráningarkerfið SÖGU sumurin 2012 og 2013. Meðal gagna voru upplýsingar um 25(OH)D í sermi og blóðsykur þátttakenda, fengnar úr blóðgreiningum.

Niðurstöður: Frumniðurstöður gefa til kynna að neikvæð fylgni sé á milli D-vítamíns í sermi og blóðsykurmagns en tölfræðilegri úrvinnslu er þó ekki lokið. Eins virðist, þvert á það sem talið var, sem karlkyns Parkinsonssjúklingar séu með marktækt lægra D-vítamín í sermi en kvenkyns sjúklingarnir. Áætlað er að niðurstöður liggi fyrir að fullu í mars 2014.

Ályktun: Enn er of snemmt að draga ályktanir þar sem niðurstöður liggja ekki fyrir að fullu. Vonir standa þó til að niðurstöður rannsóknarinnar geti orðið til þess að bæta sykurstjórnun Parkinsonssjúklinga og draga þannig úr einum af fjölmörgum fylgikvillum sjúkdómsins.

